

## **Uppskrift og virðing á dánarbúi Guðlaugs Ásmundssonar, 23. júní 1925 á Lyngum.**

ÞÍ. Sýsl. Vík í Mýrdal. ED2/12 örк 5. Fylgiskjöl skiptaréttar 1920–1929.

Ár 1925, þriðjudaginn 23. júní, var hreppstjóri Leiðvallahrepps staddur að Ytri-Lyngum og virðingarmaður Hávarður Jónsson, en með því að annar virðingarmaður hreppsins er fjarverandi er í hans stað mættur, að tilhlutan hreppsstjóra, Sveinn Steingrímsson Langholti. Var þá tekið fyrir að uppskrifa og virða dánarbú Guðlaugs Ásmundssonar hjer á bæ, sem andaðist 8. júlí fyrra árs.

Erfingjar eru:

A. Faðir hins látna Ásmundur Jónsson (viðstaddur)

B. Alsystkyn hins látna:

1. Guðjón bóndi að Lyngum (viðstaddur)
2. Steinunn sama stað (viðstödd)
3. Jónína sama stað (fjarstödd)
4. Dagbjartur, Hruna I (viðstaddur)
5. Guðmundur (dánarbú)
6. Sigurjón, Reykjavík (fjarstaddur)
7. Sveinbjörg, Syðri-Fljótum (viðstödd)
8. Sigríður, Lyngum (viðstödd), alt lögráða erfingjar.

Fyrir hönd hinna fjarverandi erfingja er mættur samkvæmt skriflegu umboði bróðir þeirra Dagbjartur Ásmundsson og til að gæta hags dánarbús Guðmundar Ásmundssonar er skipaður af hreppsstjóra Guðjón Ásmundsson bóndi að Lyngum.

Guðjón Ásmundsson sýndi og vísaði á muni búsin og voru þeir virtir sem hjer segir:

Tala	Munir búsin	Virðing
		Kr. au.
A. Bækur		
1.	Landafræði Bjarna Sæmundssonar 2. útg. (lúin) .....	4 00
2.	Atlas (gömul) .....	2 00
3.	Ísl. málfræði eftir H. Briem .....	1 00
4.	Dansk læsebog (laus úr bandi) .....	1 00
5.	Engelsk begynderbog (laus í bandi) .....	0 50
6.	Reikningsbók eftir Ólaf Daníelsson (laus í bandi) .....	- 50
7.	Reikningsbók Jörundar Brynjólfssonar og Steingríms Arasonar .....	- 50
8.	Mannkynssaga Þorleifs H. Bjarnasonar .....	1 00
9.	Læsebog i Historien (laus úr bandi) .....	- 75
10.	Engelsk læsebog .....	1 00
11.	St. Stefánsson, „Plönturnar“ (laus úr bandi) .....	1 00
12.	Aritmetik og Algebra (í blöðum) .....	- 25

13.	Kennslubók í dönsku eftir J. Ófeigsson og Jóh. Sigfússon II .....	1	00
14.	Stærðfræði eftir P. Þorkelsson .....	1	00
15.	Enskunámsbók Geirs T. Zoega (lúin) .....	-	75
16.	Lærebog i Pysik eftir Sundort .....	1	00
17.	Engelsk Begynderbog .....	-	50
18.	Nokkur smákver handa börnum, í misjöfnu standi .....	2	00
	B. Fatnaður		
19.	Vetrarfrakki (notaður) .....	25	00
20.	Taukápa þunn .....	15	00
21.	Alfatnaður .....	60	00
22.	Alfatnaður (mikið slitinn) .....	25	00
23.	Jakki (slitinn) .....	8	00
24.	Jakki og tvennar buxur (alt slitið) .....	20	00
25.	Sumarföt (blússa og buxur, slitið) .....	6	00
26.	6 skyrtur (meira og minna slitnar) .....	18	00
27.	2 klútar 1/ .....	2	00
28.	Hálstau .....	3	00
29.	2 húfur 3/ .....	6	00
	C. Dauðir munir		
30.	Koffort (skrá og lamalaust) .....	3	00
31.	Stígvjelaskór (sólar ónýtir) .....	8	00
32.	Skrifspjald (brotið) .....	-	50
33.	Rykaugu .....	1	00
34.	Peningabudda .....	2	00
35.	3 úrfestar .....	4	00
	D. Fríður peningur		
36.	32 ær 40/ .....	1280	00
	E. Peningar		
37.	Líftryggingarfje kr. 5000 .....	5000	00
38.	Innieign við útibú Landsbankans á Akureyri, viðskiftabók nr. 2082 .....	50	00
	Samtals kr.	6556	25

Fleiri fjármuna var ekki sagt til.

#### Viðurkenndar skuldir á búinu

1.	Til Jónínu Ásmundsdóttur .....	120	00
2.	Til Sveinbjargar Ásmundsdóttur .....	200	00
3.	Til Dagbjarts Ásmundssonar .....	30	00
4.	Til sama, kostnaður við að fá greitt líftryggingarfje .....	25	00
5.	Fóðurkostnaður 32ggja áa næstliðinn vetur (1924–25) .....	384	00
6.	Uppskriftarkostnaður:		

a. Til hreppstjóra fyrir uppskrift og virðingu .....	6	00
b. Til Hávarðar Jónssonar fyrir virðingu + ferðakostnaður .....	9	00
c. Til Sveins Steingrímssonar fyrir virðingu .....	6	00
Samtals	780	00

Um fleiri skuldir er ekki kunnugt.

Dato ut supra

Eyjólfur Eyjólfsson

Hávarður Jónsson

Sveinn Steingrímsson

Ásmundur Jónsson, Guðjón Ásmundsson, Steinunn Ásmundsdóttir, Dagbjartur Ásmundsson,  
Sveinbjörg Ásmundsdóttir, Sigríður Ásmundsdóttir

Rétta útskrift úr uppskriftabók Leiðvallarhrepps staðfestir

Eyjólfur Eyjólfsson